FRÆÐSLUEFNI

LANDSPÍTALI

# Svefnöndunartæki
## - algeng vandamál og viðbrögð

Meðfylgjandi upplýsingar eru fyrir fólk sem greinst hefur með kæfisvefn og notar svefnöndunartæki í heimahúsum. Farið verður yfir algeng vandamál sem geta komið upp varðandi tækið, villuboð (troubleshooting) sem það getur sýnt meðan á meðferð stendur og viðeigandi viðbrögð við þeim.



*ResMed Airsence 10 með rakaboxi*



*Hitabarki*



*Nefgríma*

## Helstu vandamál/ villuboð (troubleshooting) og viðbrögð við þeim

| Vandamál | Möguleg orsök | Viðbrögð |
|---|---|---|
| Tæki fer ekki í gang | Tengingar<br>Straumbreytir | Skoða hvort rafmagnssnúra sé tengd í straumbreyti og rétt tengd við tækið.<br>Athuga hvort lítið grænt ljós logar á straumbreyti.<br>Ef ekki getur straumbreytirinn verið ónýtur. |
| Loftleki með grímu | Gríma situr ekki rétt | Yfirfara grímu og athuga hvort hún sitji rétt á andliti:<br>• Hafa bönd á grímu hæfilega þétt.<br>• Nota leiðbeiningar um grímu til stuðnings ef þú ert ekki viss um hvernig gríma eigi að sitja á andlitinu.<br>Nota ***MASK FIT*** valmöguleikann eftir að gríman hefur verið sett upp í ***Options*** valmöguleikanum í tækinu til að meta loftleka.<br><br> |

| | | |
|---|---|---|
| Þurrkur í nefi eða nefstíflur | Rakastilling í tæki er of lág | Yfirfarðu rakastillingar í ***Options*** í tækinu þínu. Ef stillt er á ***Auto*** veljið ***climate control*** og síðan ***Manual***.<br>• ***Humidity Level*** stendur fyrir rakagjöf, hækkið rakastillingu.<br>• ***Tube Temp*** stendur fyrir hitastig á barka. Til að sjá þann valmöguleika í ***Options***, þurfa bæði barki og rakabox að vera tengd í tækið.<br><br> |
| Vatnsdropar safnast í nef, grímu eða barka | Rakastilling getur verið of há | Yfirfarið rakastillingar í ***Option***s.<br>• ***Humidity Level*** stendur fyrir rakagjöf- lækkið rakastillingu.<br>• ***Tube Temp*** stendur fyrir hitastig á barka. Til að sjá þann valmöguleika í ***Options***, þurfa bæði barki og rakabox að vera tengd í tækið.<br>Gættu þess að fylla ekki rakaboxið upp fyrir ráðlagt hámark (max línu á boxi).<br>Tækið þarf að standa lárétt.<br> |
| Munnþurrkur þegar notuð er nefgríma/ pillows gríma | Loft getur lekið um munn | • Aukið raka ***(Humidity level).***<br>• Þú gætir þurft að nota hökuband til að halda munninum lokuðum eða að nota grímu sem nær yfir nef og munn. |
| Mikill blástur | | • Prófaðu að breyta Ramp stillingu í ***Options*** í ***AUTO*** stillingu.<br><br> |

## Viðvörunarboð frá tæki og viðbrögð við þeim

| Viðvörun | Viðbrögð |
|---|---|
| ***"High leak detected, connect your water tub, tub seal and side cover"***<br>Mikill leki til staðar, athugaðu rakabox   | • Athuga hvort að rakabox er sett rétt inn í tækið.<br>• Athugaðu hvort þéttihringur er settur rétt í lokið á rakaboxinu.<br>• Það gæti þurft að endurnýja rakabox. Hafið samband við göngudeild A3. |
| ***"High leak detected, connect your tubing"***<br>Mikill leki til staðar, athugaðu barkann | • Athuga hvort barki er nægilega vel festur aftan í tæki.<br>• Tryggið að barki sé heill og án leka.<br>• Stillið grímu vandlega til að tryggja að hún leki ekki. |
| ***"Tubing blocked, check your tubing"***<br>Barki stíflaður | • Athuga barka og fjarlægja það sem stíflar hann. |
| ***"SD card error, remove your card and press Start to begin therapy"***<br>SD villa, takið minniskortið úr tækinu og ýtið á **Start** til að hefja meðferð | • Athugaðu hvort minniskortið er nægilega vel sett inn í tækið.<br>• Minniskortið er fullt og gæti þurft að taka það úr tækinu. Eftir að minniskortið er fjarlægt er hægt að nota það. |
| ***"System fault, refer to user guide, Error 004"***<br>Kerfisvilla, skoðið leiðbeiningar, villa 004 | • Tækið getur verið of heitt eða það verið í of heitu rými. Taktu það úr sambandi og gefðu því tíma til að kólna.<br>• Athugaðu hvort ryksía er stífluð af ryki.<br>• Athugaðu hvort flæði um barka er truflað.<br>• Athugaðu hvort raki er í barkanum. Aftengdu barka og losaðu vatnið úr honum. |

| | |
|---|---|
| ***"Motor live exceeded xxx"***<br>Líftími vélar hefur farið yfir eðlilegan endingartíma | • Þetta er ábending frá framleiðanda um að líftími mótors er að styttast. Nota má tækið áfram nema að aukahljóð heyrist í tækinu.<br>• Bókið tíma á göngudeild svefntengdra sjúkdóma á A3 til að yfirfara tækið. |

Fræðsluefni göngudeildar svefntengdra sjúkdóma
https://www.landspitali.is/sjuklingar-adstandendur/deildir-og-thjonusta/gongudeild-lyflaekninga-a3/

ÚTGEFANDI:
LANDSPÍTALI
MIÐSTÖÐ UM SJÚKLINGAFRÆÐSLU
DESEMBER 2022
LSH-3373

ÁBYRGÐARMENN:
DEILDARSTJÓRI GÖNGUDEILDAR
LYFLÆKNINGA OG YFIRLÆKNIR
LUNGNALÆKNINGA

HÖNNUN:
SAMSKIPTADEILD